

Bókun Sjálfstæðisflokksins vegna seinni umræðu um fjárhagsáætlun sem og fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 2021-2024 í bæjarstjórn þann 15. desember 2020.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins settu fram sínar áherslur hvað varðar fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun á fundi bæjarráðs þann 16. nóvember sl. Áhersla var lögð á að svara kalli stjórnvalda og atvinnulífsins um aukið fé til uppbyggingar og framkvæmda m.a. með vinnuátakinu „Allir vinna“ að leiðarljósi.

Ásamt því að ráðast í ný verkefni leggja bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins mikla áherslu á að klára þau verkefni sem nú þegar eru hafin eða undirbúningur á lokametrum. Eftirfarandi verkefni voru lögð til grundvallar í tillögum Sjálfstæðisflokksins.

- Horft verði til framtíðar með nýtt húsnæði fyrir Fjöliðjuna, ljúka framkvæmdum 2023.
- Halda áfram uppbyggingu skólalóða við Grundaskóla og Brekkubæjarskóla á árinu 2021 og framlög til lóðanna verði samtals 50 milljónir á ári næstu fjögur ár.
- Ljúka uppbyggingu nýs leikskóla í Skógarhverfi 2022.
- Ljúka uppbyggingu þjónustumiðstöðvar að Dalbraut 2021.
- Ljúka byggingu fyrsta áfanga við Jaðarsbakka 2023.
- Verja nauðsynlegum fjármunum til nýframkvæmda í gatnagerð til að viðhalda eðlilegu lóðaframboði.
- Stuðla að lóðaframboði sem veitir verktökum möguleika á að byggja upp íbúðir sem falla undir hlutdeildarlán frá ríkinu og ýta þannig undir fjárfestingu ungs fólks á Akranesi.
- Fresta um óákveðin tíma uppbyggingu félagslegra íbúðaúrræða, mat á þörf fer fram í húsnæðisáætlun árlega sem nýta á til að ákvarða framboð á hverjum tíma. Í þessu samhengi er mikilvægt að selja eldri eignir þegar ný úrræði koma inn til að halda jafnvægi í framboði eins og lagt var af stað með þegar samþykkt var að leggja stofnframlag inn í Íbúðafélagið Bjarg. Þau áform hafa ekki gengið eftir og úrræðum því fjölgað umtalsvert.
- Halda uppi áformum um þjónustuíbúðir fyrir fatlaða.

- Akraneskaupstaður selji þær fasteignir sem ekki eru að sinna lögbundinni og / eða grunnþjónustu sveitarfélagsins. Slík aðgerð hefur bein áhrif til lækkunar á viðhaldsþörf og skýrari fókus skapast í forgangs röðun viðhaldsverkefna.

Markmið bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins eru skýr og er ánægjulegt að sjá flestar þessara tillagna í þeirri fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun sem lög er fram til samþykktar í dag.

Fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar ber þess merki að mikill viðsnúningur hefur orðið á rekstri bæjarfélagsins. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði hefur farið úr rúmum 600 m.kr. í plús á árinu 2018 og stefnir í tæpar 600 m.kr. í mínus á árinu 2020 samkvæmt útkomuspá. Bæjarfulltrúum Samfylkingarinnar og Framsókn og frjálsra er tíðrætt um áhrif Covid-19 á rekstrarárið 2020. Vissulega hefur heimsfaraldurinn haft áhrif á bæjarsjóð en þær tölur þarf að rýna mun betur og sjá raunveruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins.

Á þessu kjörtímabili hefur Sjálfstæðisflokkurinn bent á að launakostnaður Akraneskaupstaðar sem hlutfall af tekjum sé hár borið saman við sambærileg sveitarfélög. Þá sýnir sú rekstraráætlun sem lögð er fram til samþykktar í dag að vandinn fer vaxandi og því nauðsynlegt að grípa nú þegar til aðgerða til að stemma stigu við þeim kostnað sem ekki er studdur með vexti í tekjum.

Skipulagsbreytingar sem samþykktar voru í dag af bæjarfulltrúum Samfylkingarinnar og Framsóknar og frjálsra munu auka enn frekar við launakostnað kaupstaðarins án þess að þess sjáist merki í áætlun til þriggja ára að breytingarnar leiði ekki af sér mikla hagræðingu eða verulega bætta rekstrarafkomu. Markmiðið með þeirri úttekt var að auka skilvirkni í verkferlum, ræða vinnustað framtíðarinnar, kanna tækifæri í upplýsingatækni og nútímavæða verkferla. Ekki var sérstaklega horft til þess að ná fram hagræðingu í þessari stjórnsýslu úttekt sem rímar við fyrirliggjandi tillögur frá meirihlutanum í bæjarstjórn.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins binda þá miklar vonir til þess að ráðning mannauðsstjóra muni auka við sérþekkingu á sviði mannauðsmála, bæta verkferla og að innleidd verði verkfæri sem hjálpa stjórnendum að draga úr veikindafjarvistum sem hafa farið vaxandi undanfarin ár hjá Akraneskaupstað. Rýna þarf veikindafjarvistir starfsmanna, finna rót vandans og vinna með markvissum hætti að bættri líðan og velfarnaði starfsmanna hjá

kaupstaðnum. Það er áhyggjuefni að veikindafjarvistir séu mörgum prósentustigum hærri en hjá samanburðar sveitarfélögum og öðrum opinberum stofnunum hér á landi.

Á tímum sem þessum eru allar hagræðingarákvarðanir erfiðar en það er hlutverk kjörinna fulltrúa að standa vörð um bæjarsjóð, en um leið að horfa til forgangsroðun framkvæmda og standa vörð um grunnþjónustu með hag bæjarbúa að leiðarljósi til lengri framtíðar.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins studdu þá hagræðingarkröfu sem farið var af stað með í fjárhagsáætlunarvinnunni en niðurstaða bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar og Framsóknar og frjálsra var að draga hana til baka að mestu leyti.

Það er von undirritaðra bæjarfulltrúa að bæjarstjórn öll sé nú tilbúin að taka höndum saman og mæta þeim verkefnum sem fram undan eru með það að markmiði að bæjarsjóður verði sjálfbær og gott betur.

Rakel Óskarsdóttir (sign)

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir (sign)

Einar Brandsson (sign)

Þórður Guðjónsson (sign)